

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar, dagsett 21. október 2010.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlaug Tómasson, Einar Njálsson og Hermann Bjarnason frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Ástu H. Bragadóttur, Sigurð Erlingsson og Sigurð Geirsson frá Íbúðalánasjóði.

Heildarútgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess árið 2011 eru áætluð um 123.458 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.982 m.kr. en þær nema 1,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Að teknu tilliti til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöld ráðuneytisins um 7.352 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6%.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 25.574 m.kr. og lækka um 722 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Ríkisstjórnin setti markmið um 5% samdrátt hjá velferðarstofnunum og nemur lækkun hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti 5,4% af rekstrarveltu að raungildi en forgangsraðað var eftir stofnunum og verkefnum til að ná lækkuninni fram.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 6.408 m.kr. og verða 93.341 m.kr. en eru 99.749 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Ekki er áformað að lækka viðmiðunarfjárhæðir bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta en velta þessara liða svarar til um 20% af heildarveltu ríkissjóðs að frádregnum vaxtagjöldum. Almennir tilfærslustyrkir til félagasamtaka og úthlutunarliða lækka um samtals 2.298 m.kr., þar af 98 m.kr. hjá ráðuneytinu en 2.200 m.kr. á þremur stórum tilfærsluliðum. Þar af er 700 m.kr. lækkun á útgjöldum almannatrygginga, 500 m.kr. lækkun á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og 1.000 m.kr. lækkun á útgjöldum Fæðingarorlofsjóðs. Jafnframt lækka tilfærslugjöld um 3.996 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjaldaskuldbindingum. Þar af lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 2.100 m.kr. í samræmi við spár um minna atvinnuleysi á næsta ári og útgjöld almannatrygginga lækka um 3.000 m.kr. en þar er tekið mið af þróun útgjalda

þessa árs. Til hækkunar á almannatryggingum kemur áætluð 1.000 m.kr. útgjaldaaukning vegna skerðingar almennra lífeyrissjóða á greiðslum til lífeyrisþega.

Í framsetningu frumvarps til fjárlaga 2011 er ekki gert ráð fyrir sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti sem samkvæmt lögum nr. 121/2010 tekur til starfa 1. janúar 2011. Í frumvarpinu kemur þó fram að tillögur um þær breytingar muni koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar og áréttar nefndin mikilvægi þess að velferðarkerfið sé sem skilvirkast og að í útgjaldasamdrætti séu þeir varðir sem minnst hafa og eru í mestri þörf fyrir velferðarþjónustu. Nefndin telur rétt að leitað verði leiða til að gera stjórnábyrgðina skilvirkari og telur sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti vera til þess fallna að skapa svigrúm til endurmats og hagræðingar. Þá þurfi að horfa heildstætt á störf stofnana og skoða sameiningar þeirra. Jafnframt sé rétt að skoða færslu verkefna til sveitarfélaga sem skapar möguleika á samnýtingu þjónustubátta og aukinnar hagræðingar auk þess sem mikilvægt er að tryggja nærþjónustu eins og unnt er. Yfirfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga bíður upp á möguleika til hagræðingar af þessu tagi auk þess sem þjónustan er færð nær notendum hennar. Nefndin hefur kynnt sér stöðu yfirfærslunnar. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir og hefur nefndinni verið tjáð að von sé á frumvarpi þar sem kveðið verði á um nauðsynlegar lagabreytingar vegna yfirfærslunnar. Þá segir í fjárlagafrumvarpi að samþykki Alþingi frumvarp um yfirfærslu málaflokksins verði lagðar til nauðsynlegar breytingar við fjárlagafrumvarpið við 2. umræðu þess.

Nefndin hefur kynnt sér þær tillögur um niðurskurð í útgjöldum sem liggja fyrir er varða hlut félags- og tryggingamálaráðuneytis í fjárlagafrumvarpinu og telur aðhaldsaðgerðir frumvarpsins til samræmis við þann ramma sem mótaður hefur verið. Nefndin telur þó að frekari skerðingar í tilfærslukerfum séu varhugaverðar við þær aðstæður sem enn eru uppi og bendir á að útfærslur einstakra atriða liggja ekki ljósar fyrir. Nefndin vekur sérstaka athygli fjárlaganefndar á lækkun útgjalda til fæðingarorlofssjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs sem og lækkun til almannatryggingakerfisins. Nefndin varar við niðurskurði í þessum tilfærslukerfum þó hún útiloki ekki að til hans þurfi að koma. Varðandi lækkun greiðslna í tryggingakerfinu telur nefndin að mikilvægt sé að fullreyna samninga við lífeyrissjóðina til að útgjaldalækkun til almannatryggingakerfis þurfi ekki að koma til. Nefndin telur útilokað að skerða grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta og telur að forðast eigi skerðingar á tekjutengdu bótunum í lengstu lög. Enn er beðið eftir nýrri þjóðhagsspa en líkur eru á að atvinnuleysi samkvæmt henni verði minna en gert er ráð fyrir í

forsendum fjárlaga og að ekki þurfi að koma til skerðinga. Hvað varðar áætlaða 1.000 m.kr. lækkun útgjalda í fæðingarorlofssjóð áréttar nefndin að hún mun ekki styðja frekari skerðingar á fæðingarorlofi fyrr en búið er að meta þau áhrif sem fyrri skerðingar höfðu á töku fæðingarorlofs. Bendir nefndin í þessu sambandi á að 4. mars sl. samþykkti Alþingi beiðni um skýrslu frá félags- og tryggingamálaráðherra um fæðingar- og foreldraorlof þar sem m.a. skyldi tiltaka áhrif skerðinga hámarksgreiðslna fæðingarorlofs á orlofstöku, m.a. með tilliti til lengdar orlofs, kyns foreldris og tekna foreldris, þskj. 727, 411. mál á 138. löggjafarþingi. Nefndin sendi nýlega félags- og tryggingamálaráðherra bréf þar sem hún gerði grein fyrir þeirri afstöðu sinni að áður en farið yrði í umræðu um frekari skerðingar á fæðingarorlofi þyrfti framangreind skýrsla að liggja fyrir svo að unnt yrði að greina áhrif skerðinga á fæðingarorlofið og meta hugsanleg áhrif frekari skerðinga. Þá áréttar nefndin þá afstöðu sem fram kom í nefndarálitni meiri hluta á þskj. 441, 274. mál á 138. löggjafarþingi. Þar segir “Meiri hlutinn áréttar að haldi svo fram sem horfir þarf að taka fjármögnun fæðingarorlofskerfisins *alls til gagnerrar endurskoðunar. Því kerfi sem lagt var upp með við gildistöku laganna árið 2000 var ekki tryggt nægt fjármagn og nauðsynlegt er að tryggja kerfinu fjármagn jafnt í góðæri sem kreppu. ... Meiri hlutinn áréttar að setja þurfi skýrar reglur um fjármögnun fæðingarorlofs og tryggja hana hvernig sem árar í efnahag þjóðarinnar. Mikilvægt er að standa vörð um fæðingarorlofskerfið og þá sátt sem um það ríkir enda náðist mikilvægur áfangi í jafnréttisbaráttu þegar kerfinu var komið á.”*

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 51 og leggur nefndin til að 30 umsækjendur fá styrk, samtals 90,5 m.kr. Hefur nefndin horft til þess að veita aðkallandi verkefnum styrk og haft þau sjónarmið að leiðarljósi að tryggja dreifingu fjármuna í þá málaflokka sem heyra undir nefndina og leggja sérstaka áherslu á viðkvæma hópa, svo sem börn, ungmenni og hjálparsamtök. Nefndin gerir almennt ekki tillögu um styrk til nýrra verkefna nema sérstök sjónarmið liggi að baki. Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagnerrar endurskoðunar. Telur nefndin eðlilegt að fjármunum renni í sjóð eða sjóði sem vistaðir eru hjá ráðuneytum þar sem fari fram faglegt mat á umsóknum, gerðir samningar um verkefni og úthlutun fjármuna vegna þeirra og eftirlit haft með þeim fjármunum sem greiddir eru úr sjóðunum. Nokkuð misræmi hefur verið á því hvort gerðir hafa verið samningar vegna þeirra verkefna sem fá úthlutað af safnliðum auk þess sem eftirliti með verkefnum og úthlutaðu fé er með mjög misjöfnum hætti hjá ráðuneytum. Nefndin telur mikilvægt að samræma vinnubrögð og koma úthlutun fjármuna í samræmt horf þar sem tryggt er að fram fari mat út frá faglegum forsendum með tilliti til svæðisbundinna þarfa og jafnræði aðila og málaflokka. Slíkt verklag mun að mati nefndarinnar einnig auðvelda eftirlit með nýtingu

fjármuna.

Samfés sækir um styrk til nefndarinnar og telur nefndin eðlilegt að sveitarfélög styrki samtökin auk þess sem umsókn þeirra heyrir fremur undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Múlalundur og Sjálfsbjörg sækja um styrk vegna viðgerða og viðhalds á húsnæði. Nefndin áréttar að safnliður 07-999-1.90 er ekki ætlaður til stofnkostnaðar og telur verkefnið heyrir undir lið 07-795-5.21, Framkvæmdarsjóður fatlaðra, viðhald fasteigna.

Nefndin áréttar jafnframt þá skoðun sína sem fram hefur komið í fyrri álitum nefndarinnar um fjárlagafrumvarp að verkefni tengd starfsendurhæfingu eigi heima undir sérstökum lið ráðuneytisins, 07-988-1.10. Stýring á ráðstöfun fjármuna í verkefni af þessu tagi eigi að vera hjá ráðuneyti þar sem fram fer faglegt mat á verkefnum og jafnræðis er gætt um dreifingu eftir landshlutum og verkefnum auk þess sem fylgt er stefnumörkun stjórnvalda og þeirri hugmyndafræði sem mótuð er í ráðuneytinu.

Táknsmiðjan hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2009 en nefndin fékk upplýsingar um að von væri á honum að viku liðinni. Gerð er tillaga að úthlutun styrks en nefndin áréttar jafnframt að það sé gert með fyrirvara um skil á ársreikningi til fjárlaganefndar.

Hagsmunasamtök heimilanna sækja um styrk en nefndin gerir ekki tillögu að styrkveitingu enda telur hún umsókn þeirra ekki samræmast þeim áherslum sem hafðar eru að leiðarljósi við skiptingu fjármuna. Nefndin áréttar þó að samtökin hafa beitt sér mjög í samfélagsumræðu, tekið virkan þátt í starfi með stjórnvöldum og veitt góðar ábendingar. Nefndin vísar erindi samtakanna því til fjárlaganefndar.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Pétur H. Blöndal, Ásmundur Einar Daðason og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu álitsins

Alþingi, 16. nóvember.

Ólafur Þór Gunnarsson.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.
Auður Lilja Erlingsdóttir.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.

07-999-190 Ýmis framlög

Umsækjandi	Nánari skýring	Beiðni Fjárlög		
		2011	2010	Tillaga
ADHD-samtökin	ADHD-samtökin.	10,0	2,4	2,7
Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi	Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi.	2,6	1,6	1,6
Barnaheill	Barnaheill.	12,0	5,0	5,0
Bindindissamtökin IOGT á Íslandi	Bindindissamtökin IOGT á Íslandi.	5,0		0,0
Blátt áfram forvarnarkerfni	Blátt áfram forvarnarkerfni.	20,0	3,2	2,7
Blindrafélagið	Blindrafélagið.	26,0	8,0	8,0
Breiðavíkursamtökin	Breiðavíkursamtökin.	0,9		0,6
Daufblindrafélag Íslands	Daufblindrafélag Íslands.	0,0		0,7
Drekaslóð, líknarfélag	Drekaslóð, líknarfélag, þjónustu- og fræðslumiðstöð.	18,0		0,0
Dyngjan, áfangaheimili	Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur.	0,0	2,0	2,0
EKRON, félagasamtök	EKRON, endurhæfing og starfsþjálfun.pdf	56,8		0,0
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara.	1,0		0,7
Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni, rekstur.	1,0	0,5	0,5
Félag einstæðra foreldra	Félag einstæðra foreldra, starfsemi.	0,0	2,4	2,9
Félag um foreldrajafrétti	Félag um foreldrajafrétti, starfsemi.	2,4	1,2	1,0
Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum	Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum.	1,1		0,0
Geðhjálp	Geðhjálp, kynning og fræðsla.	5,8	1,6	2,0
Hagsmunasamtök heimilanna	Hagsmunasamtök heimilanna, rekstur.	10,0		0,0
Hestamiðstöð Reykjavíkur	Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum.	2,0	0,4	0,7
Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf.	15,0	9,0	12,0
Hlutverk, samtök um vinnu og verkþjálfun	Hlutverk, samtök um vinnu og verkþjálfun.	1,0	0,5	0,5
Húnaþing vestra	Húnaþing vestra, atvinnuáttak.	5,0		0,0
Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök.	2,6	1,6	1,0
Ísland-panorama samtökin	Ísland-panorama samtökin.	0,6		0,5
Jafnréttishús	Jafnréttishús, textíl- og talnámskeið.	5,0	2,0	2,0
Landsbyggðin lifi	Landsbyggðin lifi.	2,0		0,0
Landssamband eldri borgara	Landssamband eldri borgara, rekstur.	12,0	4,0	4,0
Landssamband eldri borgara	Landssamband eldri borgara, útgáfa Listarinnar að lifa.	5,0		0,0
Landssamtökin Proskahjálp	Landssamtökin Proskahjálp, rekstur.	16,0	8	9,0
Miðstöð foreldra og barna	Miðstöð foreldra og barna, foreldra- og fjölskylduefning.	60,9		0,0
MND-félag Íslands	MND-félag Íslands, viðhorfsbreyting til fatlaðra.	1,8		0,0

MND-félag Íslands	MND-félag Íslands, virkari velferð.	5,8	0,8	0,8
Múlalundur	Múlalundur, aðgengi fatlaðra.	4,3		0,0
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.	0,0	7,0	8,0
Óstofnuð íbúasamtök í Fljótum	Óstofnuð íbúasamtök í Fljótum.	5,0		0,0
SAMAN-hópurinn	SAMAN-hópurinn, sumarverkefni 2011.	2,1		0,0
Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi	Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, starfsemi.	4,5		0,0
Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi	Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, ungmennaráð.	1,8		0,0
Samtök áhugafólks um spilafíkn	Samtök áhugafólks um spilafíkn, rekstur og forvarnir.	1,0	0,6	0,0
Samtökin '78	Samtökin '78.	8,0	5,2	5,2
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.	6,0	2,0	0,0
Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð.	1,5	1,2	1,2
Starfsorka ses, starfsendurhæfing	Starfsorka ses., starfsendurhæfing í Vestmannaeyjum.	8,2		0,0
Systkinasmiðjan	Systkinasmiðjan, námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir.pdf	1,0	0,5	0,5
Táknsmiðjan	Táknsmiðjan, hústúlkur.	3,2	3,4	0,0
Táknsmiðjan	Táknsmiðjan, myndver heyrnarlausra.	2,5		2,5
Táknsmiðjan	Táknsmiðjan, táknmál á heimasíður, aðgengi fyrir alla.	1,0		1,0
Táknsmiðjan	Táknsmiðjan, tækni fyrir heyrnarlausra.	1,5		0,0
Umsjónarfélag fatlaðra	Umsjónarfélag einhverfra, rekstur.	4,0	1,2	1,2
Uppbygging sjálfsaga	Uppbygging sjálfsaga, starfsmaður.	1,0		0,0
Foreldrasamtökin Vímulaus æska	Vímulaus æska - foreldrahús.	13,5	11,0	10,0
		<u>377,4</u>	<u>86,3</u>	<u>90,5</u>

Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: 90,5

Mismunur: 0,0